



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# Skólabragur

BRAG1SB01

Kennsluáætlun vorönn 2020

---

**Kennarar:**

## Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla sjálfsöryggi og sjálfstæði nemenda. Mikilvægt að nemendur aðlagist nýju skólastigi og skólaumhverfi. Nemendur fá að kynnast þjónustu og úrræðum sem í boði eru. Unnið er með hópefli, námstækni, forvarnir og heilsueflingu.

## Markmið áfangans:

### Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Fjölbreyttum námsleiðum og innihaldi nýrrar skólanámsskrár.
- Uppbyggingu námsferils.
- Dagamun og viðburðum innan skólans.
- Markmiðssetningu í námi.
- Námsvenjum og námstækni í samræmi við styrkleika.

### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að

- Ræða opinskátt um sjálfan sig sem námsmann.
- Setja sig í spor annarra.
- Geta í ræðu og riti tjáð sig um sín markmið.

### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna að skapandi verkefnum í tengslum við nemendasamfélagið og nemendafélag.
- Setja sér persónulega námsstefnu.
- Búa til námsferil.
- Beita námstækni sér til hagsbóta.
- Taka virkan þátt í orðræðu um lífsstíl, hreyfingu, næringu og geðrækt.

### Námsmat

40% Mæting

30% Námsferill

30% Önnur verkefni

## BRAGI – VINNUÁÆTLUN VORÖNN 2020

DAGSETNING	HVAÐ Á AÐ GERA?
6. – 10. jan	Áfangi kynntur. Hópefli.
13. – 17. jan	Excel skjal kynnt fyrir nemendum – talað um námsferil, val, kjarna og fleira. Nemendur vinna lítið verkefni og svara spurningum sem snúa að gerð námsferils, hversu langan tíma þau hugsa sér að vera í skólanum, hvað þau þurfi að gera til að ná því o.fl.
20. – 24. Jan	<b>Fyrirkomulag Káttra daga, Flóafárs og árshátíðar.</b> Nemendur byrja að fylla inn í námsferil og vista hjá sér. NEMENDAVIÐTÖL ef tími vinnst til.
27. jan – 31. jan	Verkefni sem tengist markmiðum og markmiðasetningu lagt fyrir. NEMENDAVIÐTÖL.
3. – 7. Feb	<b>Kynningar á liðunum í Flóafári (stutt).</b> NEMENDAVIÐTÖL.
10. – 14. feb	<b>Nemó: Liðstjórar í Flóafári hitta liðin sín (allur tíminn).</b>
17. – 21. feb <b>KÁTIR DAGAR OG FLÓAFÁR</b>	NEMENDAVIÐTÖL
24. feb – 1. mars <b>MIÐANNARMAT</b>	<b>FYRIRLESTUR 1 (kennarar) – Innihald: Undirbúningur fyrir áfangamessu og valdaginn.</b>
3. – 7. mars <b>ÁFANGAMESSA</b>	<b>Undirbúningur vegna áfangamessu sem er á morgun.</b> <b>Nemendur gera grein fyrir hvar þeir standa gagnvart markmiðum sínum í námi.</b>
10. – 14. mars <b>VALDAGUR</b>	<b>Undirbúningur vegna valdags sem er á morgun.</b>
17. – 21. mars	NEMENDAVIÐTÖL (vegna miðannarmats).
23. – 27. mars	<b>FYRIRLESTUR 2 (kennarar) – Innihald: Námsferill og námstækni.</b> NEMENDAVIÐTÖL.
1. – 4. apríl	<b>Nýtt Nemó kemur í heimsókn.</b> <b>Hugmyndir nemenda um vorhátíð (umræður).</b>
6. – 10. apríl	<b>Viðtöl/útileikir.</b>
13. – 19. apríl <b>PÁSKAFRÍ</b>	
21. – 26. apríl <b>SUMARDAGURINN FYRSTI</b>	Lokaskil á námsferli og öðrum verkefnum
27. apríl – 1. maí <b>VERKALÝÐSDAGURINN</b>	<b>VORHÁTÍÐ í Bragatíma. Síðasti Bragatími nemenda á vorönn.</b>
4. – 8. maí	Fundur Bragakennara í Bragatíma. Nemendur í fríi.

ATH. Áætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.